

**Ed.**

## **104. Frumvarp**

til laga um viðauka við hin almennu hegningarlög frá 25. júní 1869.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

### **1. gr.**

Forstöðumenn og starfsmenn við stofnanir ríkisins, bæjarfélaga og sveitarfélaga mega hvorki sjálfum sér til handa né handa fyrirækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við neinum umboðslaunum eða þóknun i neinni mynd frá framleiðendum eða seljendum þess varnings sem keyptur er handa stofnun þeirri, er þeir veita forstöðu eða starfa við. Brot gegn þessu heimfærast undir þrettánda kapitula hinna almennu hegningarlaga.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Þessu máli hefir áður verið hreyft, og fyrst á sumarþingi 1931, er brtt. sama efnis var flutt við frv. til laga um einkasölu á tóbaki, sem þá lá fyrir þinginu. Sú tilraun náði ekki framgangi, af því að réttara þótti, að þetta efni kæmi fram i þeirri mynd, að það tæki til allra ríkisstofnana, svo og til stofnana bæjar- og sveitarfélaga. Síðan hefir málið komið aftur fram og verið vel tekið i orði frá öllum hliðum, en ekki náð samþykki.

Hér er nú frv. flutt i þeirri mynd, sem eftir umræðum á undanförunum þingum ætti að mega vænta samkomulags um.

Um ástæður fyrir þessari lagasetningu skal ég aðeins taka þetta fram:

Í 13. kapitula hinna almennu hegningarlaga eru lagðar þungar refsingar við fjádrætti embættis- og sýslunarmanna og hverskonar misnotkun þeirra á stöðu sinni sér til ávinnings. Meðan starfsemi ríkisins var haldið nokkurnveginn innan þeirra takmarka, sem áður voru, hafa þessi ákvæði reynzt fullnægjandi og öllum hlutaðeigendum verið ljóst, hvað þeir áttu á hættu, ef þeir vildu misnota stöðu sína sér til ávinnings. En eftir að ríkið er farið að setja á fót ýmiskonar verzlunar- og atvinnufyrirtæki og velja þangað forstöðumenn og starfsfólk, sem alls ekki hefir lifað sig inn i rikjandi lagareglur um embættismenn, hefi ég beinlínis orðið var við vöntun á skilningi um þetta, og tel því brýna nauðsyn á lögleiðing þeirra ákvæða, er frv. hefir inni að halda.